



Dagsetning: 27. febrúar 2025  
Málsnúmer: 2409146/2.4

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

### *Breyting á gjaldskrá íþróttahúsa vegna stórviðburða*

Íþróttahús í Fjarðabyggð hafa um árabil verið leigð út fyrir stórviðburði, svo sem ráðstefnur, tónleika og árshátíðir. Samkvæmt núverandi gjaldskrá er gert ráð fyrir að þrif á veggjum, gólfum og salernum séu innifalín í leiguverði. Í framkvæmd hefur hins vegar komið í ljós að þrif eftir viðburði eru oft umfangsmeiri en áætlað var, sem hefur í sumum tilfellum valdið sveitarfélaginu umtalsverðum kostnaði.

#### Tillaga að breytingu:

Til að tryggja að íþróttahúsin séu í fullnægjandi ástandi fyrir kennslu og íþróttaiðkun barna og ungmenna að loknum viðburðum er lagt til að gjaldskráin verði uppfærð með eftirfarandi hætti:

- Leigutaki ber alfarið ábyrgð á þrifum og skal skila húsnæðinu í sama ástandi og það var afhent.
- Húsið skal vera tilbúið til kennslu og íþróttastarfsemi strax að lokinni leigu.
- Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að panta þrif á kostnað leigutaka ef húsnæði er ekki skilað í fullnægjandi ástandi. Reikningur fyrir slíkum þrifum verður sendur leigutaka.
- Í leigusamningi skal kveða á um þessar skyldur leigutaka til að tryggja samræmi í framkvæmd.

Með þessum breytingum er tryggt að sveitarfélagið beri ekki óhóflegan kostnað vegna viðbótarþrifa eftir stórviðburði og að íþróttahúsin séu ávallt tilbúin til kennslu og íþróttastarfsemi strax eftir afhendingu.



Magnús Árni Gunnarsson  
Stjórnandi íþróttu og frístundamála

